

Vaxtarsamningur Vesturlands

2010 -2013

1. gr.

Aðilar samningsins

Iðnaðarráðuneytið, kt. 650169-1079, Lindargötu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, kt. 610673-0239, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, gera með sér eftirfarandi vaxtarsamning. Aðilar skuldbinda sig til samstarfs í samræmi við markmið og önnur ákvæði samningsins.

2. gr.

Markmið samningsins

Markmið samningsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á Vesturlandi og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins.

Leiðir að þessu markmiði skulu m.a. vera.:

1. Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
2. Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
3. Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
4. Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
5. Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
6. Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

3. gr.

Áherslur og sértæk markmið

Áhersla lögð á uppbyggingu klasa og framgang rannsókna og þróunar á eftirfarandi sviðum:

1. Nýsköpun og tækniþróun sem drifin er áfram af náttúrlegum aðstæðum, öflugum þekkingarsetrum og háskólastarfi á Vesturlandi. Starfsemi þekkingarsetra verði eflid og sérstaklega hugað að tengslum þeirra við atvinnulífið á Vesturlandi.
2. Efling og leit að möguleikum sem tengjast starfsemi og þjónustu við stóriðjuna á Grundartanga og leggja skal sérstaka áherslu á þekkingarstarfsemi og dreifingu slíkrar starfsemi.
3. Sjálfbær ferðaþjónusta tengd sagnarfi Vesturlands. Áhersla lögð á samtvinnun náttúruverndar, ferðaþjónustu og menningarstarfs.
4. Matvæli og svæðisbundnar auðlindir Vesturlands. M.a. verði stutt við nýjar eldisgreinar á sjó og landi, vöruþróun og markaðssetningu afurða.

Áherslur og markmið geta tekið breytingum vegna stefnumótunar og samþættingu áætlana á grundvelli Sóknaráætlunar 2020.

4.gr.

Verkefnastjórn

Iðnaðarráðherra skipar fimm manna verkefnastjórn vaxtarsamningsins, þ.m.t. formann. Iðnaðarráðherra skipar fimm manna verkefnastjórn vaxtarsamningsins, þ.m.t. formann. Stjórnin skal þannig skipuð: einn samkvæmt ábendingu frá Sambandi Sveitarfélaga á Vesturlandi, einn samkvæmt ábendingu frá Samtökum atvinnulífsins, einn samkvæmt ábendingu frá Þekkingarklasa Vesturlands, einn án tilnefningar. Þá tilnefnir Nýsköpunarmiðstöð Íslands einn stjórnarmann. Seta í verkefnastjórn er ólaunuð.

5. gr.

Hlutverk verkefnastjórnar

Hlutverk verkefnastjórnar er að gæta þess að farið sé að markmiðum og leiðum samningsins og hafa eftirlit með framkvæmd hans. Verkefnastjórn skal fara yfir tillögur atvinnuþróunarfélagsins um styrkhæf verkefni. Iðnaðarráðuneytið gerir frekari grein fyrir útfærslu hlutverks verkefnastjórnar með erindisbréfi.

Við val á styrkhæfum verkefnum skulu markmið og leiðir samningsins höfð að leiðarljósi.

Þeir sem sitja í verkefnastjórn skulu gæta að vanhæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirliggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni hans við val á verkefnum. Ef viðkomandi er vanhæfur, ber honum að víkja af fundi og skráist það í fundargerð. Ekki nægir að viðkomandi sitji hjá við atkvæðagreiðslu um mál sem hann er vanhæfur í. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Hvert verkefni fyrir sig skal setja fram með þeim hætti að unnt sé að meta efndir, árangur og kostnað þess í samræmi við verklagsreglur við úthlutun.

6. gr.

Hlutverk atvinnuþróunarfélagsins

Atvinnuþróunarfélagið annast framkvæmd samningsins og gerir tillögur til verkefnastjórnar um útfærslu markmiða hans og þeirra leiða sem áætlanir og val verkefna skulu byggja á. Rekstrarkostnaður vegna framkvæmdar samningsins skal greiddur af almennum fjárveitingum ríkisins til atvinnuþróunarfélagsins.

Atvinnuþróunarfélagið vinnur úr styrkumsóknum og gerir tillögu að styrkhæfum verkefnum og ber undir verkefnastjórn til samþykktar.

Atvinnuþróunarfélagið ber ábyrgð á því að standa iðnaðarráðuneytinu eða öðrum þeim sem iðnaðarráðuneytið felur ábyrgð á yfirferð slíkra gagna, skil á aðgerða- og fjárhagsáætlunum, framvinduskýrslum og ársreikningum, að undangenginni yfirferð og samþykkt verkefnastjórnar.

Eftirfarandi áætlanir skulu sendar iðnaðarráðuneytinu:

- a. langtímaáætlun til fjögurra ára sem byggir á markmiðum 2. gr., send fyrir 15. febrúar 2010
- b. starfsáætlun til eins árs, send fyrir 15. febrúar ár hvert
- c. framvinduskýrsla árlega, send fyrir 15. febrúar
- d. ársreikning í samræmi við uppsetningu í viðauka 1

- e. fyrir 15. febrúar 2014 skal atvinnuþróunarfélagið afhenda iðnaðarráðuneyti lokaskýrslu um árangur verkefna og samningsins í heild og fjárhagslegt lokauppgjör.

Aðgerða- og fjárhagsáætlanir skulu tímasettar og vera með skýrum árangursmælikvörðum, sbr. fylgiskjal um samræmda mælikvarða sem verkefnastjórnin setur hverju verkefni.

Framvinduskýrsla skal innihalda greinargerð um framkvæmd vaxtarsamningsins á liðnu ári og samanburð við markmið aðgerðaáætlununar. Ársreikningar skulu staðfestir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Framlag iðnaðarráðuneytisins

Iðnaðarráðuneytið mun fjármagna allt að 50% af styrkhæfum kostnaði einstakra verkefna, gegn móttframlagi annarra þátttakenda. Skilgreiningu á styrkhæfum kostnaði er að finna í viðauka 2.

Framlag iðnaðarráðuneytisins til verkefna verður kr. **25 milljónir** á árinu 2010 en framlög verða ákveðin sérstaklega árlega í fjögur ár frá undirritun samnings þessa. Framlag hvers árs greiðist ársfjórðungslega með jöfnum afborgunum enda séu öll skilyrði samningsins uppfyllt. Framlög iðnaðarráðuneytis eru háð fjárheimild Alþingis hverju sinni.

Framlag fyrsta árs samningsins greiðist gegn framlagningu áætlana skv. a. og b. lið 4. mgr. 6. gr.

Framlög síðari ára greiðast gegn framlagningu aðgerða- og fjárhagsáætlunar fyrir viðkomandi ár og framvinduskýrslu ásamt ársreikningi fyrir árið á undan.

Heimilt er að semja um framlag annarra en aðila samnings þessa enda hafi það ekki önnur áhrif á samningin en til aukningar á fjármagni og framlagi sérfræðivinnu. Gera skal sérstakan samning um slíkt samstarf.

8. gr.

Útlagður kostnaður

Kostnað vegna funda verkefnastjórnar og ferðakostnað stjórnarmanna vegna funda er heimilt að greiða af framlögum til vaxtarsamnings og skal sá kostnaður greiðast eftir reikningi. Auglýsingakostnaður sem tengist beint markmiðum og framkvæmd samningsins er heimilt að greiða af framlögum hans. Kostnaður við endurskoðun greiðist af samningnum.

Heimilt er að greiða atvinnuþróunarfélaginu allt að 50% af kostnaði við að stýra sérverkefnum og klasastjórn að því tilskyldu að aðrir fjármögnunaraðilar samþykki þátttöku í þeim kostnaði og þátttakendur viðkomandi verkefna séu samþykkir slíku fyrirkomulagi.

9. gr.

Ráðstöfun fjár og uppgjör

Skilyrði við ráðstöfun fjár er að viðkomandi verkefni feli í sér samstarf þriggja eða fleiri aðila og falli að markmiðum samningsins sem og verklagsreglum um úthlutun sem verkefnastjórn setur á grundvelli þeirra. Atvinnuþróunarfélagið skal auglýsa eftir umsóknum um þátttöku í verkefnum sem falla að samningsmarkmiðum og verkefnastjórn samningsins skal í hverju tilfelli taka endanlega ákvörðun um hvort verkefni hlýtur framlag.

Gera skal skriflega samninga vegna allra verkefna þar sem framlög og skyldur aðila koma fram.

Tilhögun greiðslna skal vera í samræmi við framvindu verkefnis og í samræmi við samþykktar áætlanir.

10. gr.

Árangursmat og endurskoðun

Mælikvarðar sem fylgja samningi þessum verða notaðir til þess að fara yfir árangur hvers verkefnis um sig og samningsins í heild sinni, sjá nánar í viðauka 3.

Komi í ljós að ekki tekst að vinna eftir markmiði og leiðum samningsins skulu aðilar þegar taka upp viðræður um hvernig úr skuli bætt eða samningnum breytt.

Aðilar samnings þessa munu á árinu 2013 hefja viðræður um það hvort samningurinn verði framlengdur. Ákvörðun um það skal liggja fyrir eigi síðar en 30. september 2013.

11. gr.

Gildistími og uppsagnarákvæði

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og gildir frá undirritun til 31. desember 2013. Verkefni sem búið er að samþykkja og fjármagna í gildistíð eldri samnings skulu færast yfir á hinn nýja samning. Óráðstöfuðu fé úr eldri samning skal færa yfir í hinn nýja samning. Samningurinn er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með 3ja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og skulu ástæður tilgreindar.

Reykjavík
febrúar 2010

f.h. iðnaðarráðuneytis

f.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi